



Hvammshlíðarskóli
603 Akureyri

Akureyri 5. desember 1994

Alþingi

Erindi nr. P 118 1490

komudagur 13 112 1994

Ásgústa H. Lárusdóttir
deildarfulltrúi
Pórshamri
v/Templarasund
101 Reykjavík

Athugasemdir við frumvarp til laga um grunnskóla.

Fjármögnun.

Það er óábyrgt að ekki skuli birtar neinar hugmyndir um það á hvern hátt sveitarfélögum er ætlað að fjármagna yfirfærslu skólastarfs, hvaða fjármagnspóstar muni fylgja.

Samræmd próf.

Ég á erfitt með að sjá samasemmerki á milli þáttanna, meira sjálfstæði skóla sem t.d. kemur fram í skólanámskrá, nám við hæfi hvers og eins, sem hlýtur að gefa til kynna ólíkt námsefni og áherslur og samræmd próf, þar sem öllum er samt sem áður ætlað feta slóðina í gegnum sama nálaraugað. Hér er um ósamræmi að ræða. Samræmd próf eru enginn pottþéttur mælikvarði á gæði skólastarfs. Ég tel það vafasama leið að auka samræmd próf (í 4. og 7. bekk) notuð sem mælieiningu á skólastarf og jafnframt sem stýrikerfi Menntamálaráðuneytis á skólastarf í landinu. Hvernig munu samræmd próf snúa að nemendum með sérstaka námserfiðleika?

Kennsla við hæfi.

1. Engum blöðum er um það að fletta að skoðanir eru og verða skiptar um aðgreiningu eða blöndun og gott eitt um það að segja að stefna verði skýrt mörkuð. Frá mínu sjónarhorni er það óábyrgt af ríki að afsala sér allri ábyrgð hvað varðar sérhæfða þjónustu vegna ólíkra fatlana. Í öðrum löndum þar sem valddreifing hefur átt sér stað tekur ríkið að einhverju leiti þátt í stofnun, rekstri og þróun "Kompetansesentra". Eins og sakir standa í dag þá er auðveldast fyrir fólk á Stór-Reykjavíkursvæðinu að ná í slíka þjónustu þar sem nánast öll sérúrræði ásamt greiningu og ráðgjöf er staðsett á því svæði (Hvammshlíðarskóli á Akureyri eini sérskóli ríkisins staðsettur utan höfuðborgarsvæðisins). Samkvæmt frumvarpinu verður enn aukið á mismunun til sérúrræða fyrir fötluð börn eftir búsetu því eins og skilja má á grein 38 verður Reykjavíkurborg afhentar byggingar og búnaður þessara sérstofnana á meðan önnur sveitarfélög virðast eiga að byggja upp þjónustu sína frá grunni.

2. Ég tel það nauðsynlegt að réttur mikið fatlaðra barna verði skilgreindur í lögum. Skólar eru mjög mismunandi á veg komnir hvað varðar blöndun eða kenningu mikið fatlaðra barna. Þrátt fyrir að margt sé vel gert þá eigum við líka við fordóma og vanþekkingu að stríða hvað varðar möguleika fatlaðra til náms. Á meðan svo er þá þarf að tryggja rétt þeirra í lögum.

Skólanámskrár og skólamat eru jákvæðir þættir í frumvarpinu.

Kveðja



Halldóra Haraldsdóttir, skólastjóri
Hvammshlíðarskóli
603 Akureyri